

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktar- og minningarsjóð Samtaka astma- og ofnæmissjúklinga, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. mars 1976.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktar- og minningarsjóð Samtaka astma- og ofnæmissjúklinga.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Styrktar- og minningarsjóður Samtaka astma- og ofnæmissjúklinga.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru Samtök astma- og ofnæmissjúklinga.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1 100 000.00 — Ellefu hundruð þúsund krónur — þar af ein milljón krónur í spariskirteinum ríkissjóðs, sem er minningargjöf um hjónin Þórunni Kristjánsdóttir og Ísak Bjarnason frá Fífuhvammi, gefin af börnum þeirra hjóna á 100 ára fæðingardegi Þórunnar 11. febrúar 1975.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

- a) að vinna að aukinni þekkingu á astma- og ofnæmissjúkdómum,
- b) að styrkja lækna og aðra, sem leita sér þekkingar á ofangreindum sjúkdómum og kunnáttu í meðferð þeirra, með framhaldsnámi eða rannsóknum á þessu sviði.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru dánar- og minningargjafir, svo og tekjur af ýmsri starfsemi í þágu sjóðsins.

6. gr.

Heimilt er að verja allt að ¼ hlutum árlegra tekna sjóðsins til styrkveitinga. Ávaxta skal fé sjóðsins í verðtryggðum spariskirteinum eða annarri álíka tryggri fjárfestingu. Taka skal lán til styrkveitinga, þegar ekki er handbært fé í sjóðnum.

7. gr.

Sjóðnum skal fylgja sérstök bók og skal ef óskað er geyma í henni nöfn, myndir og helstu æviatriði þeirra, sem minnst er með minningar- eða dánargjöfum.

8. gr.

Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram 16. apríl ár hvert, en það er stofndagur Samtaka astma- og ofnæmissjúklinga.

Auglýsa skal með mánaðarfyrirvara eftir umsóknum um styrki.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum kosnum á aðalfundi Samtaka astma- og ofnæmissjúklinga ár hvert. Formaður samtakanna skal vera sjálfkjörinn, og að minnsta kosti einn læknir skal eiga sæti í stjórninni. Kjósa skal þrjá varamenn, þar af einn lækni, sem taka sæti í stjórninni í forföllum aðalmanna.

Stjórnin skiptir með sér verkum, og kýs sér formann, ritara og gjaldkera. Halda skal gerðabók yfir alla fundi sjóðsstjórnar og færa í hana skipulagsskrá, fundarsamþykktir, umsóknir um styrki úr sjóðnum, styrkveitingar og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins, svo og ársreikninga sjóðsins, sem skulu endurskoðaðir á sama

hátt og reikningar samtakanna. Sjóðsstjórn skal skila skýrslu yfir starfseminu á aðalfundi ár hvert.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Þannig samþykkt á aðalfundi Samtaka astma- og ofnæmissjúklinga 6. mars 1976.

Nr. 92.

REIKNINGUR

Gjöf Jóns Sigurðssonar.

Ársreikningur 1973, 1974 og 1975.

Eign 1. janúar 1973:

1) Veðdeildarbréf Landsbanka Íslands, Litra A nr.		
1324 og 1326 17. fl.	kr.	2 000.00
2) Sparisjóðsinnstæða í Landsb. Ísl.	—	73 137.80
		kr. 75 137.80

Tekjur:

Af veðdeildarbréfum	kr.	200.00
Af sparisjóðsinnstæðu	—	25 608.20
		kr. 25 808.20

Fjárlagastyrkur 1974	—	1 000 000.00
Fjárlagastyrkur 1975 1 000 000.00 ÷ 10%	—	900 000.00

Kr. 2 000 946.00

Gjöld:

1) Greidd verðlaun skv. ákvörðun verðlaunanefndar

a) 1974:

Haraldur Sigurðsson	kr.	300 000.00
Jón Kr. Margeirsson	—	300 000.00
Sveinbjörn Rafnsson	—	300 000.00
		kr. 900 000.00

b) 1975:

Dr. Bjarni Einarsson	kr.	250 000.00
Dr. Einar Ólafur Sveinsson	—	250 000.00
Elsa E. Guðjónsson	—	250 000.00
Dr. Hallgrímur Helgason	—	250 000.00
		— 1 000 000.00

Eign 31. desember 1975:

2) Veðdeildarbréf Landsbankans 17. fl., Litra A nr.		
1324 og 1326	kr.	2 000.00
3) Sparisjóðsinnstæða í Landsb. Ísl.	—	98 946.00
		— 100 946.00

Kr. 2 000 946.00

Menntamálaráðuneytið, 19. mars 1976.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Sigurður J. Briem.